

Júní 2026

Atvinnustefnuráð Stöðuskýrsla 2026



Útgefandi:

Forsætisráðuneyti

Stöðuskýrsla 2026 – Atvinnustefnuráð

Júní 2026

for@for.is

www.for.is

©2026 Forsætisráðuneyti

Efnisyfirlit

Formáli formanns	4
Samantekt	5
1 Um atvinnustefnuráð	6
Umboð	6
Skipan ráðsins	6
Fundir	6
Starfsaðferðir	7
Þátttaka og samráð	7
Um þessa skýrslu	8
2. Almennar athugasemdir	9
3 Helstu ályktanir og tillögur	10
3.1 Röktuðningur fyrir atvinnustefnu	10
3.2 Markmið atvinnustefnu	11
3.3 Framkvæmd atvinnustefnunnar: Aðgerðaáætlunin	11
3.4 Vöktun	13
4 Horft fram á veginn	14

Formáli formanns

Atvinnustefnuráð (ráðið) var stofnað í september 2025 af forsætisráðherra til að veita óhlutdræga sérfræðiráðgjöf um mótun og framkvæmd atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar.

Eftir að hafa kynnt sér umfangsmikil bakgrunnsgögn, þar á meðal viðeigandi tölfræðigögn og skýrslur, og haft samráð við hagsmunaaðila, lagði ráðið fram nokkrar tillögur um forsendur, markmið og framkvæmd atvinnustefnunnar.

Ráðið taldi þörf fyrir atvinnustefnu, í ljósi þeirra áskorana sem Ísland stendur frammi fyrir á ólgusömum tímum í alþjóðastjórnámálum, til þess að Ísland þoli betur áföll, verði samkeppnishæfara og geti tryggt íbúum sínum góð lífskjör í framtíðinni. Að mati ráðsins er þetta aðeins hægt með því að fjölga útflutningsmiðuðum fyrirtækjum með mikla framleiðni sem byggja á frumkvöðlastarfi, hugviti, rannsóknum, nýsköpun og einstökum þjóðarauðlindum Íslands. Það krefst þó náins samstarfs milli hins opinbera og einkageirans og áreiðanlegrar aðgerðáætlunar stjórnvalda um að framfylgja atvinnustefnu sinni.

Ráðið þakkar forsætisráðherra og öðrum ráðherrum, sem og embættismönnum þeirra og hagsmunaaðilum, fyrir opinská og uppbyggileg samskipti sem gerðu ráðinu kleift að sinna verkefnum sínum.

Samantekt

Atvinnustefnuráð fagnar frumkvæði ríkisstjórnarinnar að því að þróa heildstæða atvinnustefnu og bendir á að slík nálgun sé vel ígrunduð, miðað við núverandi alþjóðlegt umhverfi og þær efnahagslegu og samfélagslegu umbreytingar sem Ísland stendur frammi fyrir.

Ráðið telur greiningarvinnu og forsendur stefnunnar traustar og sannfærandi.

Ráðið leggur áherslu á mikilvægi þess að viðhalda skýrri langtímastefnumótun. Það styður áherslurnar sem lagt er upp með, sem sameina láréttar aðgerðir — svo sem færni, innviði og nýsköpun — við markvissar áherslur innan atvinnugeira, sem miðar að því að styrkja vöxt útflutningsgreina og stuðla að framleiðniaukningu.

Kjarninn í boðskap ráðsins hefur verið mikilvægi árangursríkrar innleiðingar. Því fagnaði ráðið útfærslu skipulagðrar aðgerðaáætlunar og benti á að árangur hennar muni ráðast, auk eyrnamerktra fjárveitinga, af skýrum og raunhæfum afurðum, vel skilgreindri ábyrgð og viðeigandi mælikvörðum til að fylgjast með árangrinum.

Ráðið benti einnig á atriði sem krefjast frekari athygli stjórnvalda, þar á meðal umbætur á vinnumarkaði, stöðugt gengi, skattastefnu og umhverfi sem stuðlar að framleiðnivexti. Að auki veitti það ábendingar um tiltekin svið eins og erlendar fjárfestingar, rannsóknir og nýsköpun og önnur forgangsmál innan einstakra atvinnugeira.

Nokkur ný úrlausnarefni krefjast sérstakrar athygli á innleiðingartíma. Ráðið lagði áherslu á nauðsyn þess að bæta aðgengi að gögnum og greiningargetu til að styðja við stefnumótun sem byggir á vísindalegum grunni og skilvirkt eftirlit, sérstaklega hvað varðar framleiðni einstakra fyrirtækja.

Loks undirstrikaði ráðið mikilvægi þess að laga atvinnustefnuna jafnóðum að víðtækari samfélagslegum markmiðum, þar á meðal sjálfbærni, viðnámsþrótti og hagvexti sem nær til landsins alls.

Með þátttöku sinni hefur ráðið lagt sitt af mörkum til að skerpa á heildarstefnumótun, þar á meðal áherslu á framleiðnivöxt, útflutningsgreinar og langtíma viðnámsþrótt. Það stuðlaði einnig að því að styrkja stefnurammann með því að leggja áherslu á mikilvægi skýrra og mælanlegra markmiða sem byggja á markvissum mælikvörðum og traustum greiningum.

Ráðið fjallaði um víðtækari spurningar sem tengjast langtíma efnahagsþróun Íslands, þar á meðal hlutverk erlendra fjárfestinga og aðgerðir til að laða að fjárfestingar og hæfileikaríkan mannauð.

Það lagði enn fremur áherslu á mikilvægi samþættrar stefnumótunar, sterkrar samvinnu þvert á stjórnsýsluna og jafnvægis milli láréttra og sértækra aðgerða til að styðja við markmið stefnunnar.

1 Um atvinnustefnuráð

Umboð

Atvinnustefnuráð (ráðið) er óháð og ólögbundið ráð sem stofnað var í september 2025. Það starfar á vegum forsætisráðherra og veitir óhlutdræga sérfræðiráðgjöf um þróun og framkvæmd atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar, sem er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar einnar.

Ráðið starfar sjálfstætt en í nánú samstarfi við forsætisráðuneytið og á reglulega samskipti við ráðherranefnd um efnahagsmál.

Skipan ráðsins

Robert-Jan Smits, formaður. Fyrrverandi framkvæmdastjóri rannsókna og nýsköpunar hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og fyrrverandi forseti framkvæmdastjórnar Tækniháskólans í Eindhoven; lykilaðili við þróun á Horizon 2020 áætlun ESB, býr yfir mikilli reynslu af stefnumótun í vísindum og nýsköpun.

Gylfi Zoega. Prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands og prófessor í hagfræði (hlutastarf) við Birkbeck Business School í Háskólanum í London; sérfræðingur í þjóðhagfræði, vinnumarkaði og hagstefnu.

Nana Bule. Ráðgjafi við Goldman Sachs Asset Management og faglegur stjórnarmaður; fyrrverandi forstjóri Microsoft í Danmörku og á Íslandi, með mikla leiðtogareynslu í stafrænni umbreytingu, tækni og grænum umskiptum.

Pétur Þ. Óskarsson. Framkvæmdastjóri Íslandsstofu, með reynslu af því að efla útflutningsgreinar á Íslandi, laða að erlendar fjárfestingar og styrkja alþjóðlega samkeppnishæfni.

Tanya Zharov. Lögmaður með reynslu af alþjóðlegum viðskiptarétti, fyrirtækjastjórnun og regluverki í lyfja-, líftækni- og fjármálageirunum, hefur einnig reynslu af bæði stjórnunar- og stjórnarstörfum í nýsköpunargreinum.

Fundir

Þann 10. apríl 2026, eftir að samþykki ríkisstjórnarinnar lá fyrir, birti forsætisráðuneytið þrjú lykilskjöl:

- [Stöðugreining: Lykilviðfangsefni og áskoranir](#)
- [Atvinnustefna Íslands – Vaxtarplan til 2035](#)
- [Aðgerðaáætlun 2026-2027](#)

Á undirbúningstímabilinu kom ráðið saman fimm sinnum til að fara yfir stefnumótunarefni og veita endurgjöf:

- 1. október 2025,
- 22.–23. október 2025,

- 15. desember 2025,
- 9. febrúar 2026 og
- 17.–18. mars 2026.

Að auki átti ráðið bein samskipti við fjölbreyttan hóp hagaðila á sérstökum samráðsfundum 13. janúar 2026. Fulltrúar frá lykilgeirum atvinnulífsins og aðrir hagaðilar voru boðnir til samráðsins, þar á meðal fulltrúar frá iðnaði, ferðaþjónustu, sjávarútvegi og fiskeldi, samtökum launafólks, hagaðilum í umhverfismálum, sveitarfélögum og háskólasamfélaginu.

Ráðið hélt einnig sameiginlega fundi með ráðherranefnd um efnahagsmál, undir formennsku forsætisráðherra, dagana 23. október 2025 og 17. mars 2026.

Þessi stöðuskýrsla fyrir árið 2026 var samþykkt af ráðinu 12. júní 2026.

Fundargerðir ráðsins eru birtar á [vefsíðu forsætisráðuneytisins](#).

Starfsaðferðir

Ráðið veitti stjórnvöldum óháða ráðgjöf við þróun atvinnustefnunnar og fyrstu aðgerðaáætlunar hennar.

Það fór yfir drög að efni á mismunandi stigum og veitti endurgjöf bæði um heildarstefnuramman og sértækar tillögur að aðgerðum.

Í öllu starfi sínu lagði ráðið áherslu á mikilvægi skýrrar stefnumótunar, sterka samhæfingu milli markmiða stefnunnar og aðgerða og nauðsyn þess að hafa skýrt skilgreindar afurðir studdar mælanlegum árangursvísum. Undirstrikað var að árangursrík framkvæmd krefst markvissrar og raunhæfrar aðgerðaáætlunar, sem studd er af öflugu eftirliti og samhæfingu þvert á Stjórnarráðið.

Þátttaka og samráð

Þátttaka og samræður eru lykilatriði í hlutverki ráðsins sem ráðgefandi aðili.

Ráðið hélt tvo sameiginlega fundi með ráðherranefnd um efnahagsmál. Á þessum fundum gafst ráðinu tækifæri til að kynna álit sitt beint fyrir ráðherrum, taka málamiðlanir til umræðu og stuðla að samhæfðri og heildstæðri nálgun af hálfu ríkisstjórnarinnar á atvinnustefnuna.

Ráðið hafði einnig bein samskipti við utanaðkomandi hagsmunaaðila. Á sérstökum samráðsfundum, sem haldnir voru í Reykjavík í janúar 2026, komu fulltrúar frá atvinnulífinu, samtökum launafólks, háskólasamfélaginu, umhverfissamtökum, sveitarfélögum og viðskiptalífinu. Þessir fundir veittu ráðinu verðmæta innsýn bæði í atriði sem snerta einstakar atvinnugreinar og úrlausnarefni sem snerta íslenskt hagkerfi í heild.

Í þessum samtölum var ljósi varpað á nokkrar áskoranir og ýmis forgangsmál, þar á meðal takmarkanir vegna innviða, skortur á hæfu starfsfólki, þörfin fyrir stöðugt og fyrirjáanlegt regluverk, stöðugleiki og fyrirjáanleiki á vinnumarkaði og mikilvægi þess að samræma atvinnustefnuna sjálfbærnimarkmiðum.

Hagaðilar fögnuðu almennt þróun heilstæðrar atvinnustefnu en lögðu jafnframt áherslu á mikilvægi skilvirkrar innleiðingar, samhæfingar innan stjórnsýslunnar og skýrs ramma til að mæla árangur.

Meðlimir ráðsins lögðu einnig sitt af mörkum í opinberri umræðu um atvinnustefnuna með þátttöku í opnum viðburðum, bæði í september 2025 og í apríl 2026.

Um þessa skýrslu

Þessi stöðuskýrsla uppfyllir skuldbindingu ráðsins um gagnsæi með því að upplýsa um störf þess og ráðgjöf. Hún veitir yfirsýn yfir starfsemi ráðsins, samskipti þess við stjórnvöld og hagaðila, og helstu niðurstöður þess og tillögur. Í skýrslunni er einnig fjallað um framlag ráðsins til þróunar atvinnustefnunnar auk þess að draga fram áherslur varðandi innleiðingu aðgerðaáætlunar.

Ráðið þakkar forsætisráðuneytinu fyrir framlag þess til þessarar skýrslu.

2. Almennar athugasemdir

Ráðið fagnar áherslu ríkisstjórnarinnar á framleiðniaukningu í útflutningi. Vaxandi framleiðni er forsenda fyrir varanlega bættum lífskjörum til meðallangs og langs tíma.

Hingað til hefur hagvöxtur á Íslandi að mestu leyti stafað af magnaukningu. Á sjötta, sjöunda og áttunda áratugnum færði Ísland landhelgi sína út í 200 mílur og endurnýjaði og stækkaði togaraflota sinn.¹ Frá og með sjöunda áratugnum hóf Ísland að flytja út orku í gegnum orkufrekar atvinnugreinar, svo sem álver, með því að nota raforkuvinnslu landsins, flytja inn hráefni og á þann hátt skapa verðmæti fyrir landið. Síðastliðin 15 ár hefur vöxturinn fyrst og fremst verið knúinn áfram af ört vaxandi ferðaþjónustu, sem nýtir sér einstaka náttúru landsins og hefur dregið að vaxandi alþjóðlegt vinnuafl. Enn fremur dró úr framleiðnivexti á Íslandi eftir fjármálakreppuna árið 2008 en hefur aukist á ný síðan, þótt það sé á hóflegri hraða en fyrir kreppuna. Ráðið er sammála því að áhersla atvinnustefnunnar á framleiðnivöxt sé réttmæt.

Atvinnustefnan sem ríkisstjórnin kynnti í vor setur nýjan tón. Áherslan er á vöxt umfram magnaukningu, með aukinni framleiðni í öllum útflutningsgreinum, knúinni áfram af frumkvöðlastarfi, hugviti, rannsóknum, nýsköpun og einstökum náttúruauðlindum Íslands. Blómlegur hugverka- og þekkingariðnaður gefur von um hraðari framleiðnivöxt á komandi árum. Markmið atvinnustefnunnar er að auðvelda og efla slíkan vöxt í útflutningsgreinum.

Aukin framleiðni hjálpar til við að hækka laun og bæta lífskjör fyrir fólk á vinnualdri. Einnig eykur hún getuna til að takast á við áskoranir komandi áratuga, eins og öldrun þjóðarinnar. Aukinn fjöldi fólks mun ná eftirlaunaaldri á næstu áratugum og smærri hluti þjóðarinnar mun vera í vinnu, sem kallar á aukna framleiðni vinnuafls. Þar að auki mun eldri þjóð þýða aukin útgjöld til heilbrigðisþjónustu og aukna fjárþörf hins opinbera, vegna þess að íslenska heilbrigðiskerfið er að mestu leyti fjármagnað af ríkinu. Aðeins með aukinni framleiðni vinnuafls og hærri tekjum á mann verður hægt að losa um fjármagn fyrir þessi auknu útgjöld og bregðast við hinni lýðfræðilegu umbreytingu. Síðast en ekki síst getur sjálfbær framleiðnivöxtur bætt lífskjör án þess að spilla náttúruauðlindum eða stuðla að hlýnun jarðar.

Í alþjóðlegu samhengi getur atvinnustefna hjálpað til við að bæta efnahagslegt áfallapol landsins gagnvart áskorunum í alþjóðaviðskiptum, stríðum og tollum.

¹Að vísu hefur orðið framleiðniaukning í sjávarútvegi. Veiðstjórnunarkerfi með framseljanlegum kvóta jók skilvirkni og leiddi til fækkunar skipa, meðan vöruþróun og markaðssetning hefur aukið verðmæti aflans. Aðild að hinum sameiginlega innri markaði ESB studdi við þessa þróun.

3 Helstu ályktanir og tillögur

3.1 Rökstuðningur fyrir atvinnustefnu

Á síðustu 15 árum hefur hagvöxtur á Íslandi að mestu leyti stafað af magnaukningu, með vaxandi fjölda ferðamanna og innflutningi vinnuafls í ferðaþjónustu, sem og í byggingariðnaði og öðrum stuðningsgreinum.

Núverandi hagvaxtarmynstur hefur leitt til fjölgunar íbúa og aukinnar heildarframleiðslu, en aukningin í landsframleiðslu á mann hefur verið hægari, vegna þess að tiltölulega lítill hlutur nýrra starfa er í atvinnugreinum með mikla framleiðni. Íbúafjöldun hefur einnig aukið verulega eftirspurn eftir vegum, skólum og heilbrigðisþjónustu. Ráðið er sammála um að ekki sé hægt að viðhalda góðum lífskjörum á Íslandi með því að láta hlutina ganga sinn gang. Þar að auki er þörf á atvinnustefnu vegna breyttra alþjóðaðstæðna ásamt efnahagslegum og samfélagslegum umbreytingum.

Byltingarkenndar efnahagslegar og samfélagslegar breytingar hafa átt sér stað um allan heim og munu halda áfram á komandi árum. Eins og bandaríski hagfræðingurinn Erik Brynjolfsson við MIT-háskólann hefur bent á, munu framfarir í stafrænum lausnum og gervigreind umbreyta vinnumarkaðinum á komandi árum, auka framleiðni og skapa ný verðmætari störf en útrýma öðrum. Gervigreind mun hafa mikil áhrif á heilbrigðisþjónustu (greiningar, lyfjaþróun), samgöngukerfi (sjálfkeyrandi ökutæki) og margs konar þjónustugreinar, og hjálpa okkur að ná meiri árangri. Það sem skiptir máli hér er hversu mikið hin nýja tækni mun auka framleiðni vinnuafls og að hve miklu leyti hún mun koma í stað vinnuafls. Svo að aftur sé vitnað í Erik Brynjolfsson, þá gæti næsti áratugur annaðhvort orðið sá besti í sögunni eða sá verstí. Allt kallar þetta á breytingar á menntakerfinu, eins og þær sem lagðar eru til í atvinnustefnunni, þar á meðal endurmenntun og símenntun.

Áhrif nýrrar tækni á framleiðni er langtímaferli. Þó að fyrstu áhrif byltingarinnar í gervigreind séu þegar komin í ljós, mun tæknin halda áfram að þróast og hafa áhrif á fyrirtæki, stofnanir og störf á næstu árum og áratugum. Eins og hagfræðingurinn Joel Mokyr frá Chicago hefur bent á, hafa stórar uppfinningar eins og internetið aðeins veruleg áhrif á framleiðni eftir að fyrirtæki hafa tekið fjölmörg minni skref við að taka nýju tæknina í notkun. Þráinn Eggertsson, hagfræðingur við Háskóla Íslands, hefur einnig bent á að stofnanaumgjörð og skipulag fyrirtækja verði að breytast og að slíkar breytingar taki tíma. Það tók heila öld fyrir aðra iðnbyltinguna að hafa til fulls sín áhrif á framleiðni, en hún breytti heiminum með bílum og þjóðvegum, flugvélum, rafmagni og skýjakljúfum, svo aðeins fáein dæmi séu nefnd. Það er hlutverk atvinnustefnu að flýta fyrir þessu ferli, nú þegar enn einum vendipunktinum er náð í efnahagsþróun. Ráðið telur að bæði stefnan og aðgerðaáætlunin muni gera það.

Jafnframt hefur alþjóðlegt umhverfi orðið bæði ógnandi og óvísst. Stríð, hækkandi olíuverð, truflanir á framboðskeðjum og aukin verndarstefna skapa áskoranir fyrir lítil opin hagkerfi. Atvinnustefnan felur því einnig í sér aðgerðir til að styrkja efnahagslegt öryggi og auka viðnámsþrótt hagkerfisins, sem hvort tveggja er mikilvægara en nokkru sinni fyrr.

Síðast en ekki síst eru umhverfismál mikilvæg, bæði vegna loftslagsbreytinga og vegna þess að náttúra Íslands er undirstaða efnahagslífsins, sérstaklega ferðaþjónustunnar, sem skýrir áhersluna sem lögð er á þetta svið í stefnunni.

3.2 Markmið atvinnustefnu

Ráðið styður markmið atvinnustefnunnar, sem sameina láréttar aðgerðir (t.d. færni, innviði, nýsköpun, einföldun regluverks) og þær sem snúa að einstökum atvinnuvegum til að efla útflutningsgreinar með mikla framleiðni.

Stjórnvöld hafa skilgreint skýrt markmið stefnunnar: að styðja við vöxt útflutningsgreina með mikla framleiðni. Ráðið er sammála um að hin skilgreindu stefnumarkmið falla að víðtækari samfélagslegum markmiðum, þar á meðal sjálfbærni, viðnámsþrótti og uppbyggingu um land allt.

Áhersla stjórnvalda á tiltekna atvinnugreinar, og enn frekar á tiltekna vaxtarmarkaði, er vel valin. Stefnan miðar að því að draga úr hindrunum sem geta hamlað þróun útflutningsgreina.

Ein slík hindrun er orkuframboð. Ísland skortir ekki endurnýjanlegar orkulindir — heldur skortir það tiltæka orku. Framleiðslugeta er takmörkuð, flutningskerfið er ófullkomið og leyfisveitingarferli geta tekið langan tíma. Þetta hamlar bæði nýjum fjárfestingum og atvinnuþróun. Núverandi aðstæður á heimsvísu undirstrika mikilvægi orkuframleiðslu og þess að landið verði sem mest sjálft sér nægt um orku.

Vinumarkaðurinn er önnur hindrun. Þrátt fyrir háa atvinnuþátttöku hefur verið skortur á starfsfólki í tæknigeiranum og á öðrum sérhæfðum sviðum. Íslenska menntakerfið hefur brugðist of hægt við. Efla þarf starfsmenntun og tækninám og auðvelda markvissa ráðningu sérhæfðs alþjóðlegs vinnuafls á þessum sviðum til að styðja við háskólarannsóknir sem og hátæknifyrirtæki og alþjóðleg fyrirtæki sem eru að vaxa á Íslandi.

Háskólarnir þurfa einnig sterkari tengsl við atvinnulífið svo að útskrifaðir nemendur fái viðeigandi störf og fyrirtæki geti fundið fólk með rétta hæfni. Slíkt samstarf getur falið í sér að hanna námskrár í samráði við atvinnulífið, fá sérfræðinga úr einkageiranum til að starfa sem stunda- eða gestakennarar við háskóla og þróa doktorsrannsóknarverkefni í samstarfi við atvinnulífið. Leitast ætti við að fá erlenda doktorsnema í raun- og tæknigreinum til að starfa áfram í innlendum atvinnugreinum.

Fyrir lítið opið hagkerfi er alþjóðleg samkeppnishæfni lykilatriði. Hér skiptir efnahagslegur stöðugleiki, þar með talinn stöðuleiki á vinnumarkaði, einnig máli. Fyrirtæki, sérstaklega útflutningsfyrirtæki sem starfa í alþjóðlegu umhverfi, verða að geta gert áætlanir sínar út frá stöðugum og fyrirsjáanlegum launakostnaði mældum í erlendum gjaldmiðlum. Miklar sveiflur í launaþróun og gengi krónunnar gera slíka áætlanagerð erfiða. Skattkerfið þarf líka að vera samkeppnishæft.

Sjálfbær nýting auðlinda er einnig mikilvæg, þar sem fiskveiðar, orka og ferðaþjónusta eru meginstoðir útflutnings, ásamt nýsköpunar- og tækniþróunargreinum.

3.3 Framkvæmd atvinnustefnunnar: Aðgerðaáætlunin

Atvinnustefnuráð undirstrikar mikilvægi þess að fylgjast stöðugt með framkvæmd aðgerðaáætlunar atvinnustefnunnar, og að hún hafi raunhæfar afurðir og mælikvarða sem sýna árangur hennar. Þær aðgerðir í atvinnumálum gefast best sem einkennast af fyrirsjáanleika í opinberri stefnu, stjórnækjum og fjármögnun. Fyrirsjáanleiki er sérstaklega mikilvægur. Í endurgjöf sinni við fyrstu drög aðgerðaáætlunarinnar lagði ráðið til þrengri afmörkun og skýrari afurðir, sem brugðist var við í síðari útgáfum.

Ráðið leggur til að einstakir ráðherrar taki fulla ábyrgð á þeim hlutum aðgerðaáætlunarinnar sem falla undir þeirra verksvið, til að tryggja skilvirka framkvæmd. Jafnframt eiga þeir að svara fyrir sína þætti. Ráðið mun fylgjast með framvindu mála hjá ráðuneytunum.

Ráðið leggur áherslu á mikilvægi þess að fá stuðning samfélagsins í heild við stefnuna. Helst ættu allir stjórnmalaflokkar á þingi að eiga hlut að stefnunni, til að tryggja samfellu, enda mun framkvæmd atvinnustefnunnar taka meira en eitt kjörtímabil. Því mælir ráðið með því að ríkisstjórnin leiti víðtæks pólitíssku stuðnings, bæði við grundvöll og markmið stefnunnar, þar sem stefnan nær til 10 ára og fáar ríkisstjórnir endast svo lengi. Þar að auki er nauðsynlegt að viðhalda samræðum við hagsmunaaðila, ekki aðeins í atvinnulífinu heldur einnig við samtök launafólks og háskóla, svo tvö mikilvæg dæmi séu nefnd.

Ráðið mælir með því að stjórnvöld reyni að finna „ávexti í augnhæð“, þ.e. markmið sem hægt er að ná á skömmum tíma. Eitt slíkt væri að auka fjárfestingu í rannsóknum og þróun í 3% af landsframleiðslu, í samræmi við markmið ESB. Það veldur áhyggjum að sjá að endurgreiðsla skatta til fyrirtækja vegna fjárfestinga í rannsóknum og þróun líður fyrir óleyst framkvæmdavandræði.

Það er mikilvægt að aðgerðaáætlunin sé traust með sérstökum og eyrnamerkum fjárveitingum fyrir hinar ýmsu aðgerðir. Ráðið leggur til að slíkur fjárhagsrammi sé útfærður og verði hluti af fjárlögum ríkisstjórnarinnar.

Ráðið hefur lagt áherslu á að hver aðgerð hafi mælanlega afurð. Þetta hefur ríkisstjórnin gert í aðgerðaáætlun. Aðgerðirnar eru margar en ríkisstjórnin verður að forgangsraða og einbeita sér að aðgerðum sem skipa sköpum. Það væri einnig gagnlegt að skilgreina verkfærakistuna og þau tæki sem á að nota. Ríkisstjórnin þarf að vera skýr um hvað hún vill sérstaklega gera fyrir forgangsgreinar.

Ráðning ríkisstjórnarinnar á samhæfingaraðila fyrir stórfjárfestingar er frábær hugmynd og fellur fullkomlega að atvinnustefnunni.

Ráðið bendir á að í stefnuna og aðgerðaáætlun vantar ýmis atriði, eins aðgerðir varðandi umbætur á vinnumarkaði, stöðugt gengi og samkeppnishæfa skattastefnu, jafnvel þótt þau séu lykilþættir atvinnustefnu. Þetta eru engin smámál, þau eru grundvallaratriði fyrir rekstur farsælla útflutningsfyrirtækja. Slík fyrirtæki huga að skattaívilnunum við staðsetningu starfsemi sinnar; því verður uppbygging íslenska skattkerfisins að vera sambærileg við skattkerfið í „samkeppnisríkjum“.

Hlutverk háskóla er einnig vanmetið í núverandi útgáfu stefnunnar. Það nægir ekki að leggja áherslu á nauðsyn þess að auka menntun í raun- og tæknigreinum. Þess í stað gæti þurft endurskipulagningu á háskólakerfinu til að bæta árangur, fjölga útskrifuðum stúdentum í raunvísindum, tæknigreinum og verkfræði (STEM) og auðvelda hraðari þekkingarmiðlun milli atvinnulífs og háskóla. Með núgildandi lagaramma er óljóst hvernig stjórnvöld geta aukið fjölda útskrifaðra í þessum greinum, þar sem verkfærin til þess vantar. Ráðið er sammála um að breytingar á menntakerfinu ættu að ná til grunnskóla og framhaldsskóla, en saknar þess að minnast sé á nauðsyn þess að laða að færa alþjóðlega doktorsnema í deildir raunvísinda og tækni sem leið til að brúa bilið þar til innlenda menntakerfið fer að skila fleiri umsækjendum um slíkt háskólanám.

Ríkisstjórnin hefur einnig lagt áherslu á vöxt í öllum landshlutum. Aftur virðist verkfærin til að ná þessu markmiði vanta. Hér mætti fylla í eyðuna með því að nýta sér reynslu annarra landa. Sem dæmi gæti verið möguleiki að fara að dæmi Danmerkur og styrkja byggðapróun með því að skipuleggja iðnaðarsvæði.

3.4 Vöktun

Að nota landsframleiðslu á mann sem eina mælikvarðann á vöxt er einfalt og mælanlegt. Ríkisstjórnin ætti að þróa greiningargetu til að stefnumótunin í heild sé gagnamiðuð.

Með því að nota gögn um aðföng og framleiðslu á fyrirtækjastigi frá Hagstofu Íslands er hægt að reikna út framleiðni vinnuafls eftir atvinnugreinum. Í atvinnustefnunni er þeim skipt í fimm flokka: matvæli, orkusækin iðnað, upplifun, heilsu og loftslag. Þar sem áætla má að nýsköpun og tækniframfarir muni auka framleiðni í öllum þessum geirum er afar mikilvægt að fylgjast með vexti framleiðni vinnuafls í hverjum þessara fimm flokka.

4 Horft fram á veginn

Samþykkt og birting atvinnustefnu af hálfu ríkisstjórnarinnar í apríl 2026 markar þáttaskilin frá stefnumótun til framkvæmdar. Nú verður aðalatriðið að stuðla að skilvirkri innleiðingu stefnunnar.

Mikilvægt skref í þessu ferli er stofnun stýrihóps innan stjórnarráðsins sem verður undir forystu forsætisráðuneytisins og skipaður fulltrúum frá hlutaðeigandi ráðuneytum. Stýrihópurinn mun gegna lykilhlutverki í að samhæfa innleiðingu innan stjórnkerfisins, forgangsraða aðgerðum og tryggja skilvirka eftirfylgni.

Stýrihópurinn mun vinna náið með ráðinu, fylgjast með framvindu miðað við skilgreinda mælikvarða og leggja sitt af mörkum við mat á árangri stefnumótunar. Hann mun einnig taka þátt í þróun næstu aðgerðaáætlunar, sem áætlað er að taki gildi árið 2028.

Í þeirri vinnu mun ráðið halda áfram að veita óháða ráðgjöf um framkvæmd, með sérstaka áherslu á að tryggja að aðgerðir séu skýrt skilgreindar, mælanlegar og í samræmi við heildarmarkmið stefnunnar. Það mun einnig hjálpa til við að greina nýjar áskoranir, það sem vantar í stefnuna og tækifæri sem birtast eftir því sem framkvæmdinni miðar áfram.

